

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 26/2011****2011/EES/37/20****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2010 frá 1. október 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 715/2010 frá 10. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 að því er varðar aðlögun í kjölfar endurskoðunar á atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna (NACE), 2. endursk., og um vörflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) í þjóðhagsreikningum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 19d (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96) í XXI. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 0715**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 715/2010 frá 10. ágúst 2010 (Stjtið. ESB L 210, 11.8.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 715/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(¹) Stjtið. ESB L 332, 16.12.2010, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 16.12.2010, bls. 22.

(²) Stjtið. ESB L 210, 11.8.2010, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.